

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings
nr. 949/2009, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af Örnunni Grétarsdóttur, Sigríði Mundu Jónsdóttur, Hreini Hákonarsyni
og Guðrúnu Karls Helgudóttur.
Frsm. Arna Grétarsdóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna bætist nýr málslíður sem orðast svo:
Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknunir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti
þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Þóknunarnefnd kirkjunnar hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Verkefni hennar er að ákvarða þóknun fyrir störf á vegum kirkjunnar sem ekki er ákveðin af öðrum aðilum, sbr. 3. málsl. 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna. Þar undir falla m.a. ákvarðanir um þóknunir fyrir setu á kirkjuþingi, nefndarsetu á vegum þjóðkirkjunnar og setu í kirkjuráði. Í ljósi mikillar umræðu og ólgu í samfélaginu, um margra tuga prósentu launahækkunar hjá launahæstu embættismönnum ríkis og starfsmönnum á sveitastjórnastigi, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu að mál er varða ákvarðanir um þóknunir innan kirkjunnar séu opinberar og gagnsæjar. Flutningsmenn telja að þjóðkirkjan eigi að ganga fram fyrir skjöldu með góðum og gangsæjum stjórnarháttum og er þessi breyting á 12. gr. í þeim anda. Þá er gert ráð fyrir að ákvarðanir þóknunarnefndar og birting þeirra á opinberum vetvangi verði til þess fallinn að skapa samtal og traust innan kirkjunnar um sanngjarnar þóknunir að undangengnu faglegu mati þóknunarnefndar á verðmæti starfa. Breyting þessi mun einnig stuðla að launajafnrétti sem kveðið er á um í 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.